

LÉTT BIFHJÓL Í FLOKKI I

LEIÐBEININGAR UM NOTKUN ÞEIRRA



HVERNIG HJÓL ERU ÞETTA?



Létt bifhjól í flokki 1 eru vélknúin ökutæki á tveimur, þremur eða fjórum hjólum sem ná ekki meiri hraða en 25 km/klst hvort sem þau eru raf- eða bensíndrifin. Þá er miðað við hámarkshraða sem framleiðandi bifhjólsins gefur upp.

Þessi hjól geta verið margskonar en hér fyrir ofan má sjá nokkur dæmi um mögulegt útlit þeirra.

HVER ERU ALDURSTAKMÖRKIN? Ökumaður verður að vera orðinn 13 ára.

ÞARF EINHVER RÉTTINDI? Það er ekki gerð krafa um ökunám eða ökuréttindi.

HVAÐ MÁ FARA HRATT? Hjólið er ekki hannað til hraðari aksturs en 25 km/klst og má ekki fara hraðar en það.

MÁ VERA MEÐ FARÞEGA? **Nei** - ekki nema ökumaður sé 20 ára eða eldri.

Í þeim tilfellum er það aðeins heimilt ef framleiðandi staðfestir að hjólið sé gert fyrir farþega. Farþeginn verður þá að sitja fyrir aftan ökumanninn. Barn sjö ára eða yngra, sem er farþegi á bifhjóli, skal sitja í sérstöku sæti því ætluðu.

ÞARF AÐ VERA MEÐ HJÁLMI? **Já** - skylt er að vera með hlífðarhjálmi.

HVAR MÁ AKA? Það er heimilt að aka þessum tækjum á gangstétt, hjólastíg eða gangstíg, svo framarlega sem það veldur ekki hættu eða óþægindum fyrir gangandi vegfarendur eða ef lagt hefur verið bann við því.

Mælt er með því að þessi tæki séu ekki notuð í almennri umferð þar sem hraði er meiri en 50 km/klst þótt það sé heimilt. Á gangstétt eða gangstíg skal víkja fyrir gangandi vegfarendum.

Ef hjólastígur er samhliða gangstétt eða gangstíg er skylt að aka hjólinu á hjólastígnum. Ef ökumaður hjólsins þverar akbraut frá gangstíg skal hann ekki aka hraðar en sem nemur venjulegum gönguhraða.

ÞARF TRYGGINGAR? Engin váttryggingarskylda er á þessum hjólum en eigendur eru hvattir til að leita ráða hjá tryggingafélögum varðandi ábyrgðartryggingar.

ERU ÞAU SKRÁNINGARSKYLD? **Nei** - þessi hjól eru ekki skráningarskyld.